

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/1889****2022/EES/18/23****frá 23. júlí 2021****um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 að því er varðar rýmkun ráðstafana með tilliti til tímabundinnar  
tilslökunar á reglum um nýtingu afgreiðslutíma vegna COVID-19-hættuástandsins (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á Bandalagsflugvöllum <sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 10. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) COVID-19-hættuástandið heldur áfram að valda verulegum samdrætti í flugumferð þar eð eftirspurn eftir farþegaflutningum með flugi hefur minnkað til mikilla muna og sökum beinna ráðstafana sem aðildarríkin og þriðju lönd hafa gripið til í þeim tilgangi að hemja útbreiðslu COVID-19-faraldursins. Samkvæmt skýrslu Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu hefur flugumferð í loftrými Evrópska efnahagssvæðisins verið frekar stöðug á fyrri helmingi 2021 og samsvarandi u.þ.b. 38% af flugumferð samsvarandi tímabils 2019 með stígandi leitni. Samkvæmt spá Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu er gert ráð fyrir að ársmeðaltal flugumferðar nái 50% 2021 og 72% 2022 sem byggist á raunhæfustu sviðsmyndinni.
- 2) Slíkar aðstæður eru flugrekendum ofviða og flugþjónusta, sem þeir þurfa að aflýsa að eigin frumkvæði eða sem þeim er gert að aflýsa í samræmi við breytingu eftirspurnar, er nauðsynlegt eða lögmætt svar við þeim aðstæðum.
- 3) Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 95/93, með hliðsjón af 2. mgr. 10. gr., eiga flugrekendur að nota a.m.k. 80% af röðum þeirra afgreiðslutíma sem þeim er úthlutað ellegar missa þeir hefðbundinn rétt sinn til þeirra afgreiðslutíma, þekkt sem „reglan um að ónýttur réttur til afgreiðslutíma tapist“. Í ljósi COVID-19-hættuástandsins og til að vernda fjárhagslegt heilbrigði flugrekenda jafnframt því að koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif af völdum flugs loftfara með enga eða örfáa farþega sem eingöngu eru starfrækt til að viðhalda fyrirbyggjandi afgreiðslutímum á flugvöllum var „reglan um að ónýttur réttur til afgreiðslutíma tapist“ felld tímabundið úr gildi frá 1. mars 2020 til 28. mars 2021.
- 4) Hinn 16. febrúar 2021 og vegna áframhaldandi áhrifa COVID-19-hættuástandsins á flugumferð breytti Sambandið reglugerð (EBE) nr. 95/93 til að veita flugrekendum meiri tilslökun á reglunni „um að ónýttur réttur til afgreiðslutíma tapist“ á áætlunartímabilinu sumarið 2021 með því að fella regluna tímabundið úr gildi fyrir annað tímabil frá 28. mars 2021 til 30. október 2021.
- 5) Samkvæmt 5. mgr. 10. gr. a reglugerðar (EBE) nr. 95/93 er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir til að breyta lengd tímabils tímabundinnar niðurfellingar á „reglunni um að ónýttur réttur til afgreiðslutíma tapist“ sem sett er fram í 3. mgr. 10. gr. a.
- 6) Í tengslum við 5. mgr. 10. gr. a reglugerðar (EBE) nr. 95/93 er framkvæmdastjórninni enn fremur falið vald, þar sem bráðnauðsynlegt reynist í því skyni að bregðast við breytilegum áhrifum af völdum COVID-19-hættuástandsins á þróun flugumferðar, til að samþykkja framseldar gerðir til að breyta nýtingarhlutfalli afgreiðslutíma sem er á bilinu 30% til 70%.
- 7) Þrátt fyrir stígvaxandi aukningu á fyrri helmingi 2021 er flugumferð enn lítil samanborið við sama tímabil 2019 eða að meðaltali u.þ.b. 38% af flugumferð á samsvarandi tímabili 2019. Með tilliti til þess að erfitt er að spá nákvæmlega fyrir um hvaða leið verði valin til að koma flugumferð í fyrra horf má með réttu ætla að staðan haldist óbreytt í náninni framtíð með stöðugt minna bili milli flugumferðar 2021 samanborið við 2019. Á grundvelli fjögurra ára spár Evrópustofnunarinnar um öryggi flugleiðsögu frá 21. maí 2021 myndi árleg flugumferð, samkvæmt líklegustu sviðsmyndinni þar sem gert er ráð fyrir að bólusetning virki sem skyldi 2022, ná árlegu meðaltali sem nemur 50% til 72% af samsvarandi umfangi 2019, annars vegar 2021 og hins vegar 2022. Á grundvelli fyrirbyggjandi mánaðarlegra spáa Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu fyrir 2021 og fyrirbyggjandi ársmeðaltals Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu fyrir 2022 er áætlað að flugumferð vetraráætlunartímabilsins 2021/2022 verði um 70% af umfangi flugumferðar 2019.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 384, 29.10.2021, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjóð. EB L 14, 22.1.1993, bls. 1.

- 8) Í samantekt gagna Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Sóttvarnastofnunar Evrópu kemur fram að viðvarandi samdráttur í flugumferð sé af völdum áhrifa COVID-19-hættuástandsins. Fyrirliggjandi gögn sýna fylgni milli fjölgunar Covid-19-smita og samþykkt ráðstafana meðal aðildarríkjanna og þriðju landa til að bregðast við þessari fjölgun sem hafa áhrif á farþegaflutninga með flugi og valda samdrætti í flugumferð. Slíkar ráðstafanir, sem hægt er að hrinda í framkvæmd eða aflétta með mjög stuttum fyrirvara, stuðla að óvissuástandi og hafa neikvæð áhrif á tiltrú neytenda og bókunarhegðun.
- 9) Vegna fjölgunar á COVID-19-smitum og mögulegrar útbreiðslu nýrra afbrigða má með réttu ætla að fjölda flugferða verði aflýst, sem rekja má til COVID-19-heimsfaraldursins, á komandi vetraráætlunartímabili frá 31. október 2021 til 26. mars 2022, ef flugrekendum væri gert skylt að nýta til fulls þá afgreiðslutíma sem þeim var úthlutað 2019 í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 95/93.
- 10) Því er nauðsynlegt að framlengja tímabilið, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 10. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 95/93, frá 31. október 2021 til 26. mars 2022.
- 11) Eftirspurn eftir flugferðum á vetraráætlunartímabilinu frá 31. október 2021 til 26. mars 2022 gæti áfram verið lítil þrátt fyrir aukið vægi bólusetningarherferða, aukið ferðaöryggi og jafnvel þótt ýmis lönd fækki þeim ráðstöfunum sem hafa áhrif á ferðalög. Viðvarandi lítil eftirspurn eftir flugferðum á vetraráætlunartímabilinu gæti líklega verið vísbending um langtímabreytingar á skipulagi markaðsins og hegðun neytenda. Því ætti nýtingarhlutfall afgreiðslutíma annars vegar að koma í veg fyrir ófyrirséðar neikvæðar afleiðingar á fjárhagsstöðu flugrekenda og neikvæð umhverfisáhrif af völdum flugs loftfara með enga eða örfáa farþega, sem eingöngu eru starfrækt til að viðhalda hefðbundnum rétti þeirra til afgreiðslutíma, og hins vegar annaðhvort hvetja flugrekendur til að nýta afgreiðslugetu flugvalla með skilvirkum hætti eða gefa öðrum notendum færi á að nýta afgreiðslutímanna til að tryggja skilvirka notkun á afkastagetu flugvalla.
- 12) Enn fremur ætti að fastsetja nýtingarhlutfall afgreiðslutímanna við það hlutfall sem tryggir lágmarksþjónustu til að auka tiltrú farþega, og skilvirka notkun flugvallagetu á vetraráætlunartímabilinu 2021/2022 ásamt áreiðanlegum tengjanleika.
- 13) Nýtingarhlutfall afgreiðslutíma ætti einnig að taka meira tillit til langtímabreytinga á skipulagi markaðarins og hegðunar neytenda til að gera markaðinum kleift að aðlagast jafnt og þétt að breyttri eftirspurn og opna fyrir afgreiðslugetu fyrir vetraráætlunartímabilið 2022/2023. Þetta á einkum við þar eð sumir flugrekendur hafa notað tilfallandi afgreiðslutíma á árinu 2020 og í upphafi ársins 2021 án þess að öðlast hefðbundna afgreiðslutíma.
- 14) Því ætti að fastsetja nýtingarhlutfall afgreiðslutíma fyrir vetraráætlunartímabilið 2021/2022 við 50%.
- 15) Jafnvel þótt almennt sé gert ráð fyrir að flugrekendur hefji starfrækslu um leið og eftirspurn eykst skapa lægri nýtingarmörk hættu á því að sumir flugrekendur haldi starfrækslu sinni á sumum flugvöllum í nauðsynlegu lágmarki, einungis í þeim tilgangi að viðhalda hefðbundnum rétti til þeirra afgreiðslutíma sem myndi skaða samkeppnisaðila, rekstraraðila flugvalla og neytendur. Jafnvel þótt hluti afkastagetu flugvalla sé gefinn eftir vegna þessa nýja nýtingarhlutfalls er ekki talið líklegt að það valdi alvarlegri röskun á flugrekstri og leiðarkerfi flugrekenda líkt og hærri nýtingarhlutfall myndi gera.
- 16) Í þágu réttarvissu, einkum fyrir samræmingarstjóra afgreiðslutíma og flugrekendur, ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst eða daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. mgr. 10. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 95/93 kemur eftirfarandi:

„3. Að því er varðar afgreiðslutíma sem samræmingarstjórinn hefur ekki fengið aðgang að til endurúthlutunar, í samræmi við 2. mgr. a í 10. gr., á tímabilinu frá 28. mars 2021 til 26. mars 2022 og að því er varðar 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 10. gr., ef flugrekandi sýnir samræmingarstjóranum fram á, svo honum þyki fullnægjandi, að hann hafi nýtt a.m.k. 50% viðkomandi raðar afgreiðslutíma, samkvæmt fyrirætlunum samræmingarstjóra, á áætlunartímabilinu 28. mars 2021 til 30. október 2021 og 50% viðkomandi raðar afgreiðslutíma á áætlunartímabilinu 31. október 2021 til 26. mars 2022, skal flugrekandinn eiga rétt á sömu röðum afgreiðslutíma á næsta samsvarandi áætlunartímabili.

Að því er varðar tímabilin, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skulu prósentugildin, sem um getur í 4. mgr. 10. gr. og a-lið 6. mgr. 14. gr., vera 50% fyrir áætlunartímabilið 28. mars 2021 til 30. október 2021 og 50% fyrir áætlunartímabilið 31. október 2021 til 26. mars 2022.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júlí 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---